



Fregnir

Sorooptimistasamband Íslands

50. árg. apríl 2024 nr. 133





Hvatning

Sýnum dreglyndi og verum einlægar í vináttu
Verum reiðubúnar til hjálpar og þjónustu
Sýnum í verki skilning og friðarvilja
Setjum markið hátt og vinnum störf okkar með sæmd
og ábyrgðartilfinningu

Markmið

Að vinna að bættri stöðu kvenna
Að gera háar kröfur til siðgæðis
Að vinna að mannréttindum öllum til handa
Að vinna að jafnrétti, þróun og friði, fyrir tilstuðlan
alþjóðlegs skilnings og velvildar
Að vinna að meiri sjálfbærni í umhverfismálum
í heimabyggð, heimalandi og á alþjóðavettvangi

Áherslur

Soroptimistar skulu beita sér fyrir:

Að veita þjónustu í heimabyggð, heimalandi
og á alþjóðavettvangi
Að taka virkan þátt í ákvarðanatöku hvarvetna í þjóðfélaginu
Að fjölga klúbbfélögum
Að vinna að markmiðum Alþjóðasambands
Soroptimista og Landssambandsins

Ritnefnd:




Guðný S.
Þorsteinsdóttir



Kristín Árnadóttir



Magdalena Berglind
Björnsdóttir



Sigríður B. Aadnegard



Sigrún Þórisdóttir

Fregnir er málgagn Soroptimistasambands Íslands.

Heimasíða: www.soroptimist.is

Netfang: soroptimist@soroptimist.is

Ritnefndin óskar eftir greinum í næsta blað Fregna.

Vinsamlegast sendið efni á netfangið fregnir@soroptimist.is

Forsíðumynd: Sigríður B. Aadnegard

Umbrot og hönnun blaðs: Gígja Ívarsdóttir - gigja@kompanhonnun.is

Kæru systur!

Það er mikið um að vera í þjóðfélaginu, jarðhræringar, eldgos og kosningar svo eitthvað sé nefnt.

Við göngum til forsetakosninga í júní og margt gott fólk er tilbúið að gefa kost á sér, til þess embættis.

Eins er biskupskjör nú 11. til 16. apríl og er kosið á milli þeirra þriggja, sem flestar tilnefningar fengu.

Það verður spennandi að sjá hvaða einstaklingar veljast í þessi mikilvægu embætti þjóðarinnar.

Einnign kjósum við Soroptimistar, á Landssambandsfundinum á Akureyri, í fjölbreytt embætti og nefndir.

Þegar líður að vori fer ritnefnd Fregna að huga að aprílblaðinu sem að þessu sinni er tölublað nr. 133 og með því hefst síðara ritstjórnarár Soroptimistaklúbbsins Við Húnaflóa.

Eins og venjulega eru fróðlegar og góðar greinar í blaðinu og þökkum við mikið vel fyrir þær og eins fyrir allar myndirnar, sem fylgja með. Myndir gera alltaf mjög mikið og glæða blaðið lífi.

Í grein Sigrúnar Þorgeirsdóttur, forseta, fjallar hún m.a. um fund, sem hún fór á í Lissabon, í febrúar s.l.

Fundurinn var fyrir embættismenn landssambanda innan Evrópusambands Soroptimista og var hann fyrsti fundur Hafðísar Karlsdóttur, sem forseta Evrópusambandsins.

Hildur Jónsdóttir frá Soroptimistaklúbbi Suðurlands og verðandi forseti, er með langa og fróðlega grein frá fundi kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna, sem haldin var í New York í mars s.l.

Fer hún í stórum dráttum yfir efni fundarins með léttum og myndríkum ritstíl.

Frá Soroptimistaklúbbi Keflavíkur er grein um líkamlega og andlega heilsu o.fl.

Á síðasta fundi fengu þær Írisi Dögg Steinsdóttur, sem er íþróttafræðingur og með diplóma í öldunarfræðum, til að fræða klúbb systur um þessi mál. Einnig er sagt frá verkefnum sem klúbburinn er aðili að eða hefur styrkt.

Margrét Þóra Einarsdóttir frá Soroptimistaklúbbi Akureyrar segir frá því hvernig hægt er að græða margfalt í fjáröflunarskyni. Að bjóða upp á samveru og fjáröflun í sama pakkanum. Margt er áhugavert og skemmtilegt í þessari grein.

Kynning er á sýningu Jónínu Guðnadóttur myndlistamanns og systur í Soroptimistaklúbbi Hafnafjarðar- og Garðabæjar. Sýningin er í Hafnarborg frá 13. janúar til 29. apríl.

Einnig er í blaðinu minningargrein um látna systur.


Að venju er hér í blaðinu kynning á framboðum systra til embætta og nefnda SIÍ, fyrir Landssambandsfundinn á Akureyri 20. apríl n.k. sem og dagskrá fundarins.

Vonandi höfum við systur átt gott og gjöfult klúbbastarf í vetur og horfum bjartsýnar inn í vorið.

Við hlökkum til samveru á Landssambandsfundinum á Akureyri.

Gleðilegt sumar!

Ritnefnd Fregna



Kæru systur!

Lissabon var áfangastaðurinn minn síðustu helgina í febrúar sl. Þar var haldinn fundur fyrir embættismenn Landssambanda innan Evrópusambands Soroptimista. Þar voru saman komnar systur frá flestum löndum innan Evrópusambandsins og yfirleitt nokkrar frá hverju landi. Því miður voru varaforsetar og verkefnastjórar Landssambandsins uppteknir þessa helgi þannig að ég kom ein úr stjórninni frá Íslandi. Þetta var fyrsti fundur Hafdísar Karlsdóttur sem forseta Evrópusambandsins og heppnaðist hann afar vel.

Margar konur í hópnum hafði ég hitt á sendifulltrúafundinum í Bratislava á síðasta ári og það var afar ánægjulegt að hitta þær aftur í Lissabon til að efla tengslin við embættismenn frá öðrum löndum í Evrópusambandinu. Ég hitti þarna t.d. konur frá Austurríki, Hollandi, Belgíu, Þýskalandi, Ítalíu, Portúgal, Póllandi, Litáen, Búlgaríu og Grikklandi og við áttum eftir að vinna saman í vinnusmiðjum á fundinum, sem var vel skipulagður. Aðstæður voru mjög góðar á hótelinu þar sem við gistum og hittumst á kvöldin eftir fundi dagsins. Mihaela Aquelius ritari Evrópusambandsins var fundarstjóri og stóð sig mjög vel í því hlutverki.

Verkefnastjórar Evrópusambands Soroptimista lögðu sérstaka áherslu á baráttuna gegn kynferðislegu ofbeldi. Alls kyns hörmulegar afleiðingar af kynferðislegu ofbeldi er ekki hægt að meta í fjárhæðum en afleiðingarnar eru auðvitað gríðarlegar og mjög alvarlegar. Það kom fram á fundinum að mælanlegur kostnaður af kynferðislegu ofbeldi í Evrópu sé einnig afar mikill. Fulltrúar Soroptimista hjá Evrópuráðinu og fleiri stofnunum kynntu Istanbúlsamninginn og lögðu áherslu á að í baráttunni gegn kynferðislegu ofbeldi þyrftu allir aðilar að vinna saman til að ná árangri til frambúðar. Samningur um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi gagnvart konum og heimilisofbeldi (Istanbúlsamningurinn) var samþykktur á vettvangi Evrópuráðsins 11. maí 2011. Ísland fullgilti samninginn 26. apríl 2018 og er hann fyrsti bindandi samningurinn sem tekur heildstætt á baráttunni gegn ofbeldi gagnvart konum.

Sérstakur AAA-hópur fjallaði um verkefnaskýrslurnar sem verkefnastjórar klúbba sjá um að senda inn til Evrópusambands Soroptimista (Programme Focus Reports, PFR). Konur í samtökunum voru hvattar til að hafa eftirfarandi þrjá þætti í huga við verkefnaval: árvekni, aðgerðir og boðun (AAA= awareness, action, advocacy). Konur þyrftu að sýna árvekni og fylgjast með í sínu nærsamfélagi. Þegar verkefni hefði verið valið væri hægt að snúa sér að aðgerðum, þ.e. að skipuleggja fjáröflun, safna upplýsingum og hafa samband við samstarfsaðila og e.t.v. yfirvöld á svæðinu. Síðasta skrefið

væri síðan að kynna verkefnið því að boðunin væri mjög mikilvægur þáttur í því að Soroptimistar gætu haft góð áhrif til breytinga í samfélaginu.

Fulltrúar í útbreiðslunefnd Evrópusambands Soroptimista lögðu áherslu á leiðbeinendahlutverkið (e. mentoring) og kom fram að boðið yrði upp á þjálfun á því sviði á netinu og einnig í tengslum við sendifulltrúafundinn í Póllandi á næsta ári. Konur í útbreiðslunefndinni lögðu mikla áherslu á mikilvægi leiðtoganámskeiðanna í samtökunum okkar og einnig skólástyrkjanna. Við ættum að vinna að því að fá nýjar konur til að ganga til liðs við okkur, fá konur, sem hefðu ekki tæk á því að mæta mánaðarlega á fundi í raunheimum, inn í sérstaka e-klúbba og leiðbeina nýjum konum. Sagt var frá því á fundinum að í Frakklandi væri haldinn sérstakur útbreiðsludagur á hverju ári. Í Þýskalandi hins vegar notuðu konur LinkedIn og samfélagsmiðla til að finna líklegar konur í Soroptimistasamtökin. Mikil áhersla var lögð á að verkefni okkar væru sýnileg og mikilvægi þess að bjóða konum í heimsókn til klúbba til að kynna sér starfið.

Fulltrúar í laganeftindinni sögðu frá því að gerð orðasafns með lagahugtökum sem tengjast Evrópusambandi Soroptimista væri í undirbúningi. Þær fréttir glöddu mig sérstaklega sem orðabókarritstjóra. Systur í nefndinni sögðu einnig frá því að það væri ekki hægt að breyta lögum Evrópusambands Soroptimista nema á þriggja ára fresti en reglugerð við löggin væri hins vegar hægt að breyta á hverju ári. Breytingatillögur við lög og reglugerð þarf að senda inn til stjórnar innan tilskilins frests og síðan þarf að taka þær til umfjöllunar og bera undir sendifulltrúa á árlegum sendifulltrúafundi sem er aðalfundur Evrópusambandsins.

Í lok fundarins í Lissabon var rætt um hve mikilvægt starf okkar Soroptimista væri og því mætti ekki gleyma að fagna árangrinum að loknu góðu starfi. Mig langar til að halda góðum verkum Soroptimistasystra á Íslandi á lofti og sem forseti valdi ég slagorðið Göngum saman til góðra verka. Um leið og við vinnum saman að okkar góðu verkefnum njótum við einnig vináttu og samveru í klúbbunum okkar. Þegar við höfum notið helgi og kyrrðar páska hátíðarinnar tekur hversdagurinn við að loknu fríi og við göngum til nýrra verka. Næsta stóra verkefni okkar er Landssambandsfundur á Akureyri í apríl og þá munum við hitta systur alls staðar að af landinu, taka þátt í fundarstörfum og njóta samveru og skemmtunar.

Sigrún Þorgeirsdóttir

Forseti Soroptimistasambands Íslands

Að græða margfalt

– dæmisaga frá Soroptimistaklúbbi Akureyrar

Á haustdögum, þegar farið var að huga að fjáröflun hjá Akureyrarklúbbi, kom Debbie með nýstárlega hugmynd inn á fund fjáröflunarnefndar. Hún stakk upp á að bjóða upp á samveru, eitthvað sem okkur fyndist skemmtilegt að gera og gætum deilt með öðrum systur. Það hljómaði óneitanlega eins og góður saumaklúbbur og lék hinum í nefndinni forvitni á að vita hvernig hægt væri að afla fjár með því. Debbie leit á þær kankvís á



Kristín að skrifa á einþrykkt jólakort á námskeiði hjá Ragnheiði.

svip og sagði að þetta gæti verið gjörningur, viðburður, handverk, hreyfing eða hreinlega samvera sem boðið væri upp á, í eitt skipti, í tvær til þrjár klukkustundir í senn. Allar sem vildu, myndu bjóða upp á eitthvað og hinar gætu skráð sig og borgað 1000 krónur fyrir. Eftir stuttar umræður og gott hugarflug var ákveðið að láta slag standa enda strax komnir níu viðburðir á blað, sem hægt væri að bjóða upp á. Sendur var tölvupóstur þar sem fjáröflunin var útskýrð og systur beðnar um að láta vita ef þær gætu hugsað sér að leggja fram eitthvað sem þær vildu miðla til annarra. Svörin létu ekki á sér standa og má segja að boðið hafi verið upp á samveruhlaðborð á fjáröflunarfundinum í október, þar sem búið var að prenta út skráningarblöð með lýsingum á öllum viðburðum. Það var handgangur í öskjunni þegar systur hópuðust að borðinu, spjölluðu

um allt það skemmtilega sem var í boði og dáðust að hæfileikum og þekkingu sem byggir í klúbbum. Það sem boðið var upp á var:

Mynd í myndvefnaði, þrjónastund, að leira bolla eða skál, bókakynning, hugleiðsla, gönguskíði og kakó, jólakransagerð, fara og tína, verka og þurrka sveppi, hverfisganga, jólakortagerð með einþrykki, próf á vitrænni getu, gönguferð úr Kjarna í Gamla og Steinmann, skoðunarferð um Hof og góðgæti í Kistu, marmelaðigerð, betri myndasmiður í síma, CANVA myndavinnsla, spila saman kínaskák, Happy Hour á Icelandair, hjólaferð frá Leiru í Jóláhús, heimboð á Sauðárkrók, útileikir - frakkar, boules og palet (makar með) og berjamór.



Marmelaðigerð í boði Debbiear.


þar sem viðburðirnir voru dreifðir yfir allt árið var hægt að skrá sig á marga, sem flestar gerðu. Borgað var á staðnum en einnig gefinn kostur á að borga þegar viðburðurinn færir fram með því að leggja inn á söfununarreikning. Sendur var tölvupóstur þegar komin var dagsetning og auglýst á Facebooksíðu klúbbsins. Síðan bárust þangað fréttir og myndir eftir hvern viðburð.

Það má með sanni segja að klúbburinn hafi grætt á marga vegu með þessari fjáröflun. Þúsundkallarnir hafa komið að góðum notum í þeim verkefnum sem við höfum styrkt og tilfinningin um að geta orðið að liði hefur sannarlega yljað. Viðburðirnir hafa lífgað upp á starf vetrarins og aukið starfsemina milli funda, kynni hafa aukist og systur fengið meiri innsýn inn í líf hinna utan fundanna. Þess utan hefur samveran verið ómetanleg. Það er einstök tilfinning sem fylgir því að vinna saman með öðrum í gleði, læra eitthvað nýtt og skapa eitthvað gott í leiðinni. Bæði áþreifanlegt og eitthvað sem ekki er hægt að snerta eins og hamingjuna sem maður finnur í hjartanu yfir því að eiga stund með öðrum konum í samfélaginu sem við erum svo heppnar að mega kalla systur.

Margrét Þóra Einarsdóttir



Erna og Ragnheiður með jólakransana sína á námskeiði hjá Kristínu í Vogue.



Afrakstur leirnámskeiðsins verður til sölu á næsta Landsambandsfundi.



Ragnheiður og Laufey í góðu yfirlæti á bókakynningu Bergljótar.



Erna og Ragnheiður að móta úr leir á vinnustofu Debbear.



Systur í notalegu spjalli á meðan marmelaðið kólnar í krukunum.

Erlendsína Marín Sigurjónsdóttir (Sína)

F. 22. júlí 1936. D. 18. mars 2024


Sína lést á Hrafnistu í Reykjanesbæ 18. mars. Sína fæddist og ólst upp í Keflavík. Hún stundaði nám við Húsmæðraskólann á Ísafirði. Sína eignaðist þrjú börn með sínum eftirlifandi maka. Þau eiga 10 barnabörn og 26 langömmubörn. Sína var öflug húsmóðir og allt lék í höndum hennar. Hún var einstaklega lagin við matseld og bakstur og mjög iðin við hannyrðir. Heimilið hennar ber merki þess. Með húsverkum og uppeldi barna vann Sína í skóbúð til margra ára. Var hún vel þekkt í samfélaginu sem Sína í skóbúðinni og var vinsæl fyrir ríka þjónustulund. Enda kom það fljótt í ljós að viðskiptavinir óskuðu sérstaklega eftir hennar aðstoð vegna hennar fagaða smekks og þekkingu á vöruúrvali í versluninni. Sína gekk í Keflavíkurklúbb Soroptimista árið 1980 og var alla tíð virk í hreyfingunni og eignaðist góðar vinkonur þar. Einnig var hún virk í skátunum. Sína var glaðleg, falleg og einstaklega góð kona.



Systur í Keflavíkurklúbbsi eiga eftir að sakna hennar sárt og þakka henni fyrir langa og hlýlega samfylgd.

*Fyrir hönd Soroptimistaklúbbs Keflavíkur
Bjarklind Sigurðardóttir*





Jónína Guðnadóttur sýnir í Hafnarborg

Jónína Guðnadóttir myndlistarmaður og systir í Soroptimistaklúbbi Hafnarfjarðar- og Gardabæjar sýnir leirlistaverk í Hafnarborg frá 13. janúar til 29. apríl 2024. Sýningin nefnist Flæðarmál og er yfirlitssýning sem spannar allan feril listamannsins. Á sýningunni er meðal annars mynd af útilistaverkinu Hringiða (2009) hjá Kárahnjúkastíflu, listaverk með tilvísun í náttúruna, nytjahlutir og margt fleira. Meiri fróðleikur er á heimasíðunni jonina.is

Ingibjörg H. Halldórsdóttir, upplýsingafulltrúi



Dagskrá Landssambandsfundar

19. - 21. apríl 2024

19. apríl – Móttaka í Möðruvöllum, Menntaskólanum á Akureyri kl. 18-20

20. apríl – Landssambandsfundur í Brekkuskóla við Skólastíg

**Kl. 8.30 Skráning hefst
Kl. 9.00**

1. Fundarsetning

- Forseti setur fund
- Söngur
- Fyrirverandi forsetar boðnir velkomnir
- Kveikt á kertum
- Minning látinna systra
- Fundargerð síðasta Landssambandsfundar borin upp til samþykktar
- Hvatning og markmið
- Nafnakall fulltrúa
- Kosning fundarstjóra, tveggja fundarritara og tveggja atkvæðateljara
- Nýr fundarstjóri tekur við fundinum

2. Skýrslur

- forseta
- sendifulltrúa
- gjaldkera

Umræður og atkvæðagreiðsla um skýrslur forseta, sendifulltrúa og gjaldkera

Skýrslur

- fastanefnda:
laga- og reglugerðanefndar
fjárhagsnefndar
útbreiðslunefndar

b. verkefnastjóra talskonu
upplýsingafulltrúa

c. ritstjóra vefnefndar
vefstjóra
ritnefndar Fregna

Kl. 10.30-10.55 Kaffihlé

Skýrslur, frh.

d. annarra nefnda:

- skólastyrkjanefndar
- skýrsla um norræna leiðtoganámskeiðið (SNLA)
- skýrsla um nafnalistann
- skýrsla um Hamraborgina
- skýrsla um Heiðmerkurlundinn

Umræður og atkvæðagreiðsla um aðrar skýrslur

Kl. 12.00-13.15 Hádegisverður

Kl. 13.15

3. Fræðsluerindi 4. Kosningar

Stjórnarkjör

- kosning 2. varaforseta
- kosning gjaldkera
- kosning verkefnastjóra
- atkvæðagreiðsla um tilnefningu forseta til ritara

Kosning eins sendifulltrúa og eins varasendifulltrúa

Kosning fastanefnda

- laga- og reglugerðarnefnd
- fjárhagsnefnd

Kosning

- aðstoðarverkefnastjóra
- útbreiðslunefndar
- ritnefndar Fregna
- tækninefndar vefs
- sjóðanefndar
- eins skoðunarmanns reikninga

Atkvæðagreiðsla um tilnefningu í

- skólastyrkjanefnd
- ritnefnd vefs
- sáttanefnd
- gerðardóm

5. Tillögur og áætlanir

Tillögur um laga- og reglugerðabreytingar
Umræður og atkvæðagreiðsla

6. Verkefni núverandi stjórnar

7. Mál sem stjórnin leggur fram

Fjárhagsáætlun og árgjald
Umræður og atkvæðagreiðsla

Kl. 15.00-15.25 Kaffihlé

8. Mál sem hafa borist

Umræður og atkvæðagreiðsla
Engin mál hafa borist

9. Ákvörðun tekin um næsta Landssambandsfund

10. Önnur mál

11. Forseti hefur orðið

12. Forsetakeðjan afhent

13. Fundi slitið

Að lokinni dagskrá: Fundir embættismanna

Kl. 19.00

**Hátíðarkvöldverður á Múlabergi
Hótel Kea**

21. apríl - Gönguferð um

Akureyri kl. 10 til 11

*Ingibjörg H. Halldórsdóttir,
upplýsingafulltrúi*



Framboð til embætta og nefnda Landssambands Soroptimista 2025-2026

Landssambandsfundur 20. apríl 2024



Ritari
Soroptimistaklúbbur Suðurlands

Sigríður Þórarinsdóttir
Sjúkrapjálfi

Ferilskrá innan Slí

- Laga- og reglugerðanefnd
- Forseti
- Varasendifulltrúi
- Sendifulltrúi
- Aðstoðarverkefnastjóri
- Gerðardómur

Embætti innan klúbbs

- Formaður
- Gjaldkeri
- Meðstjórnandi
- Verkefnastjóri
- Fulltrúi
- Varafulltrúi
- Nefndarstörf



Annar varaforseti
Soroptimistaklúbbur Austurlands

Sigríður Kr. Gísladóttir
Iðjubjálfi

Ferilskrá innan Slí


- Annar varaforseti

Embætti innan klúbbs

- Aðstoðarverkefnastjóri

Ritnefnd Fregna
Soroptimistaklúbbur Seltjarnarness

Heiðmerkurlundur
Soroptimistaklúbbur Árbæjar



Gjalderi
Soroptimistaklúbbur Akraness

Hrafnhildur Skúladóttir
Viðskiptafræðingur



Verkefnastjóri
Soroptimistaklúbbur Keflavíkur

Guðný Sigríður Magnúsdóttir
Bankastarfsmaður

Embætti innan klúbbs

- Skemmtinefnd
- Fjáröflunarnefnd
- Fulltrúi
- Stjórn



Aðstoðarverkefnastjóri
Soroptimistaklúbbur Keflavíkur

Guðrún Antonsdóttir
Viðskiptafræðingur

Ferilskrá innan SÍ

- Umsjón nafnalista

Embætti innan klúbbs

- Verkefnastjóri
- Skemmtinefnd
- Fjáröflunarnefnd
- Endurskoðun reikninga



Sendifulltrúi
Soroptimistaklúbbur Bakka og Selja


Ingibjörg Jónasdóttir
Fræðslustjóri

Ferilskrá innan SÍ

- Sjóðanefnd
- Forseti

Embætti innan klúbbs

- Fjáröflunarnefnd
- Ritari
- Formaður



Varasendifulltrúi
Soroptimistaklúbbur Árbæjar

Jóna Th. Viðarsdóttir
Skrifstofustjóri

Ferilskrá innan SÍ

- Gjalderi

Embætti innan klúbbs

- Formaður
- Meðstjórnandi
- Gjalderi
- Fulltrúi



Vefstjóri
Soroptimistaklúbbur Árbæjar

Margrét Elísabet Hjartardóttir
Tölvunarfræðingur

Ferilskrá innan SÍ

- Vefstjóri

Embætti innan klúbbs

- Varaformaður
- Ritari



Laga- og reglugerðarnefnd
Soroptimistaklúbbur Reykjavíkur

Guðrún Margrét Eysteinsdóttir
Lögfræðingur

Ferilskrá innan SÍ
• Laga- og reglugerðarnefnd

Embætti innan klúbbs
• Ýmsar nefndir



Laga- og reglugerðarnefnd
Soroptimistaklúbburinn Við Húnaflóa

Sigríður Hjaltadóttir
Heilbrigðisfulltrúi

Ferilskrá innan SÍ
• Laga- og reglugerðarnefnd

Embætti innan klúbbs
• Formaður
• Gjaldkeri



Fjárhagsnefnd
Soroptimistaklúbbur Grafarvogs

Kristín S. Björnsdóttir
Viðskiptafræðingur

Ferilskrá innan SÍ
• Fjárhagsnefnd

Embætti innan klúbbs
• Gjaldkeri
• Varaformaður
• Formaður
• Meðstjórnandi
• Skoðunarmaður reikninga
• Fjáröflunarnefnd



Útbreiðslunefnd
Soroptimistaklúbbur Hafnarfjarðar og
Garðabæjar

Mjöll Flosadóttir Viðskiptafræðingur

Ferilskrá innan SÍ	Embætti innan klúbbs
• Forseti	• Formaður
• Sendifulltrúi	• Fulltrúi
• Varasendifulltrúi	• Verkefnastjóri efnahags- og félagsmála
• Ritari	• Skoðunarmaður reikninga
• Ritnefnd Fregna	• Starfsgreinanefnd
• Verkefnastjóri efnahags- og félagsmála	• Ferðavikunefnd
• Skoðunarmaður reikninga	
• Umsjón með nafnalista	
• Fjárhagsnefnd	
• Gerðardómur	
• Starfsgreinanefnd	
• Útbreiðslunefnd	



Útbreiðslunefnd
Soroptimistaklúbbur Kópavogs

Póra Guðnadóttir
Skólaritari

Ferilskrá innan SÍ
• Forseti
• Laganefnd
• Gerðardómur
• Sendifulltrúi
• Umsjón með Hamraborg

Embætti innan klúbbs
• Gjaldkeri
• Ritari
• Formaður
• Fjáröflun
• Skemmtinefnd



Sáttanefnd
Soroptimistaklúbbur Mosfellssveitar

Hafdís Heiðarsdóttir
Hársnyrtir

Ferilskrá innan SÍ
• Sáttanefnd

Embætti innan klúbbs
• Formaður
• Fulltrúi
• Gjaldkeri
• Varaformaður
• Meðstjórnandi
• Verkefnastjóri



Sáttanefnd

Soroptimistaklúbbur Akureyrar

Ragnheiður Gunnbjörnsdóttir

Framhaldsskólakennari

Ferilskrá innan Slí

- Sendifulltrúi
- Annar varaforseti
- Varasendifulltrúi
- Ritstjóri Fregna
- Starfsgreinanefnd
- Sjóðanefnd

Embætti innan klúbbs

- Ritari
- Varaskoðunarmaður reikninga
- Varaformaður
- Starfsgreinanefnd
- Skemmti- og móttökunefnd
- Skoðunarmaður reikninga
- Verkefnastjóri alþjóðavináttu og skilnings
- Kærleiksnefnd
- Gjaldkeri
- Fulltrúi
- Meðstjórnandi
- Varafulltrúi
- Varaendurskoðandi
- Formaður



Sáttanefnd

Soroptimistaklúbbur Kópavogs

Signý Þórðardóttir


Proskapjálfi

Ferilskrá innan Slí

- Ritari

Embætti innan klúbbs

- Formaður
- Ritari
- Verkefnastjóri



Sjóðanefnd

Soroptimistaklúbbur Suðurlands

Ingibjörg Stefánsdóttir

Leikskólastjóri

Embætti innan klúbbs

- Formaður
- Varaformaður



Sjóðanefnd

Soroptimistaklúbbur Mosfellssveitar

Guðlaug Ragnarsdóttir

Framhaldsskólakennari

Embætti innan klúbbs

- Formaður
- Gjaldkeri



Skoðunarmaður reikninga

Soroptimistaklúbbur Suðurlands

Jóhanna Ólafsdóttir

Bókari

Embætti innan klúbbs

- Gjaldkeri



Skólalærkjarnefnd

Soroptimistaklúbbur Akureyrar

Erna Káradóttir

Leikskólastjóri

Embætti innan klúbbs

- Varaformaður

**Skólasyrskjanevnd**

Soroptimistaklúbbur Skagafjarðar

Ingunn Ásdís Sigurðardóttir

Sérkennari

Ferilskrá innan Slí

- Ritstjóri Fregna
- Útbreiðslunefnd
- Sendifulltrúi
- Forseti
- Twinning-tengiliður
- Gerðardómur
- Uppstillingarnefnd

Embætti innan klúbbs

- Formaður
- Ritari
- Meðstjórnandi
- Verkefnastjóri
- Fulltrúi
- Útbreiðslunefnd
- Tengiliður við erlenda vinaklúbba

**Gerðardómur**

Soroptimistaklúbburinn Við Húnaflóa

Guðrún Lára Magnúsdóttir

Leikskólakennari

Ferilskrá innan Slí

- Sjóðanefnd
- Forseti

Embætti innan klúbbs

- Fulltrúi
- Varaformaður
- Formaður

**Gerðardómur**

Soroptimistaklúbbur Reykjavíkur

Sigrún Þorgeirsdóttir

Orðabókarritstjóri

Ferilskrá innan Slí

- Forseti

Embætti innan klúbbs

- Formaður
- Varaformaður
- Meðstjórnandi
- Útbreiðslunefnd
- Fjáröflunarnefnd

**Tækninefnd**

Soroptimistaklúbbur Reykjavíkur

Helga Óladóttir

Gagnasafnsfræðingur

Ferilskrá innan Slí

- Umsjónarmaður nafnalista

Embætti innan klúbbs

- Ritari
- Fulltrúi
- Varafulltrúi

**Tækninefnd**

Soroptimistaklúbbur Árbæjar

Margrét Elísabet Hjartardóttir

Tölvunarfræðingur

Ferilskrá innan Slí

- Vefstjóri

Embætti innan klúbbs

- Varaformaður
- Ritari

**Tækninefnd**

Soroptimistaklúbbur Austurlands

Þórunn Hálfðanardóttir

Kerfisfræðingur

Ferilskrá innan Slí

- Vefstjóri
- Tækninefnd vefmála

Embætti innan klúbbs

- Verkefnastjóri
- Varaformaður
- Formaður



Líkamleg og andleg heilsa *fyrir alla*

Konur eru almennt ágætlega duglegar að huga að heilsu sinni. Ekki má slaka á í þessum málum þó svo aldur færist yfir okkur, hvort sem við erum á miðju breytingaskeiði með öllu tilheyrandi eða komnar á efri árin og aftur í smá jafnvægi frá hormónum. Öryggi, andlegt og líkamlegt, er bráðnauðsynlegt og grundvallaratriði til að fólk geti þrífist vel. Á síðasta fundi Keflavíkurklúbbs voru flutt áhugaverð erindi um góðar matarvenjur og um Suðurhlíð sem er miðstöð þolenda ofbeldis á Suðurnesjum. Forsetinn okkar, hún Sigrún Þorgeirsdóttir, gladdi okkur með heimsókn sinni og nutum við kvöldsins með henni.

Systur í Keflavíkurklúbbi fengu hvetjandi fræðsluerindi á síðasta fundi frá Keflvíkingnum Írisi Dögg Steinsdóttur. Íris Dögg er íþróttافرæðingur með diplóma í öldrunarfræði og stundar meistaranám í heilsuefningu. Hún brennur fyrir heilsuþætandi lífsstíl, þessi fjöruga kona og er dugleg að halda fyrirlestra. Íris Dögg er með Braca 2 gen. Hún fór í fyrirbyggjandi aðgerðir

eftir greininguna, eggjastokkar voru fjarlægðir sem og brjóst. Það breytti því ekki því hún greindist með fjórða stigs krabbamein í brjósti og brjóstvöðva nokkru síðar. Íris Dögg lætur nú samt ekkert stoppa sig og þekkir vel á eigin skinni hversu nauðsynlegt það er að borða heilsusamlegan mat sem hentar konum á okkar aldri. Íris Dögg sagði okkur á skemmtilegan og líflegan hátt hvað það skiptir miklu máli að borða mun meira prótein en áður þegar konur hafa náð ákveðnum þroska. Einnig lagði hún mikla áherslu á að borða fimm skammta af ávöxtum og grænmeti daglega og borða heilkorn, hnetur og mjólkurvörur. Íris Dögg sagði líka að það skipti miklu máli að taka fæðubótarefni sem viðbót við matinn sem við neytum. Við skulum taka hana á orðinu og huga vel að matarvenjum okkar.

Keflavíkurklúbbur hefur komið að ýmsum verkefnum stórum og smáum í nær fimm áratugi. Stærstu verkefni til lengri tíma var söfnun fyrir D-álmum sem var ætluð fyrir eldri borgara sem þurftu innlögn á



Heilbrigðisstofnun Suðurnesja og einnig reglulegur stuðningur við Björgina, Geðræktarmiðstöð Suðurnesja. Undanfarin misseri hefur verið í bígerð að stofna miðstöð fyrir þolendur ofbeldis á Suðurnesjum. Íbúar á Suðurnesjum eru ríflega 30 þúsund og þar af eru um 30% íbúa með annað móðurmál en íslensku. Í fyrra lá það svo fyrir að stofna ætti og setja upp miðstöð fyrir þolendur ofbeldis og hefst starfsemin á þessu ári. Miðstöðin heitir því fallega nafni Suðurhlíð. Það er mikil samvinna á milli stofnana og sveitafélaganna um þessa vinnu og verkefnastjóri á vegum Ríkislögreglustjórans, Sigbrúður Guðmundsdóttir, stýrir teyminu. Fellur verkefnið undir markmiðið „öruggari Suðurnes“ sem starfshópurinn vinnur eftir. Sigbrúður starfaði áður í Kvennaathvarfinu og hitti þar Soroptimistasystur sem styrktu starfið þar og er hún því vel kunnug hreyfingunni. Þolendamiðstöðin Suðurhlíð verður með svipuðu formi og Bjarkarhlíð, Bjarmahlíð og Sigurhæðir. Unnið er að því að finna húsnæði á góðum stað í Reykjanesbæ og ráða starfsmann til að stýra miðstöðinni. Einnig verður gott

aðgengi að lögfræðingum, lögreglu, félagsráðgjöfum og hjúkrunarfræðingum eftir þörfum. Keflavíkurklúbbur afhenti Sigbrúði á síðasta fundi styrk að upphæð 700 þúsund krónur, sem er fjármagn sem safnaðist á Bingókvöldi klúbbsins í nóvember 2023. Suðurhlíð er fyrsta miðstöðin af þessu tagi á Suðurnesjum og er í raun afrakstur vinnu fyrrum Lögreglustjóra Suðurnesja og núverandi Ríkislögreglustjóra Sigríðar Guðjónsdóttur. Soroptimisaklúbbur Keflavíkur er ákaflega þakklátur fyrir að nú verði í boði þjónusta sem þessi og sér klúbburinn fyrir sér að mögulega verði meiri stuðningur veittur í framtíðinni.

Það var ánægjulegt að fá forseta Landssambandsins Sigrúnu Þorgeirsdóttur í heimsókn. Sigrún fór yfir sögu fyrstu klúbba sem hófu starfsemi sína og stofnun Landssambandsins. Sigrún sagði einnig frá ýmsum fróðleik um skemmtileg verkefni klúbba landssins. Systur í Keflavíkurklúbbi þakka forsetanum fyrir heimsóknina.

Bjarklind Sigurðardóttir formaður Soroptimistaklúbbs Keflavíkur

Svipmyndir frá CSW68 fundi Kvinnanefndar Sameinuðu þjóðanna í New York í mars 2024

Hávaðinn er yfirgengilegur. Konur eru að koma sér fyrir í tilkomumiklum sal allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna en einnig í öðrum gríðarstórum sal annars staðar í byggingunni sem tekur við yfirflæðinu og þar eru konur líka í hrókasamræðum, heilsa, kallast á: „Komdu hingað, hér er sæti!“ - hrópa upp yfir sig: „Ert þú hér?“ – og fallast í faðma. Utan við dyrnar hleðst upp biðröð, ekki komast allar inn vegna fjöldans.

Í mannhafinu, kvenhafi þúsunda kvenna og dágóðs fjölda karla, gefur að líta hljómríka símfóníu. Ég dáist að afrísku konunum sem margar eru klæddar munstruðum gólfsíðum kjólum í sterkum litum með vefjarhetti úr sama efni – áberandi meðal þeirra eru stæðilegar konur sem sigla rólega og tignarlega eins og skútur í hægviðri um salinn, líkamleg nærvera þeirra er áhrifamikil og áran þeirra gefur einhvern veginn til kynna að allt vald tilheyri þeim. Indverskar konur eru margar klæddar sínum sari, aðrar í litríkum kuflum, ég kem auga á hóp kvenna sem eru sveipaðar appelsínugulum og dimmrauðum efnisströngum með nauðrökuð höfuð eins og búddamunkar. Þær eru búddamunkar – eða nunnur. Vestrænu konurnar eru flestar hófstílltar í klæðaburði og öllu dauflegri. Ég sé líka kornungar konur, líklega undir 25 ára aldri, með augu á stilkum, forviða, yfirþyrmdar. Ég veit að á fundinum er dagskrá fyrir ungar konur sérstaklega og þær eru án efa í fyrsta skipti að upplifa þennan magnaða atburð sem á engan sinn líka.

Ég held mig hjá íslensku sendinefndinni en skima yfir salinn og kem auga á nokkrar konur fjarri mér sem skera sig úr með bláum og gulum litum. Þetta eru örugglega Soroptimistar. Ég ætla að heilsa upp á þær þegar tækifæri gefst.

Það er engu líkara en að Hafdís okkar Karlsdóttir sé með utanborðsmótor, það kemur vel í ljós næstu daga. Hún þeytist eins og hraðbátur milli viðburða

og á milli íslensku sendinefndarinnar og sendinefndar Evrópusambands Soroptimista, en í henni eru hátt í 40 systur, um það bil jafnmargar og eru í íslensku sendinefndinni.

António Guterres, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, stígur í pontu við setninguna. Hávaðastigið gengur hratt niður, það er ríkjandi eftirvænting eftir því hvernig honum muni mælast. Hann er róttækur, gagnrýninn, framsýnn, feminískur.

Guterres hefur mál sitt á því að þakka kvannahreyfingunum. „Framfarir varðandi réttindi kvenna hafa að mestu orðið fyrir tilstilli frjálsra félagasamtaka og kvannahreyfinganna. Ég hef séð það með eigin augum hvarvetna í heiminum. Og ég hef séð hvernig sá árangur er mikil lyftistöng fyrir heilu samfélagin,“ segir hann. Guterres leggur áherslu á hversu ólík áhrif stríð hefur á konur og karla og um leið og hann krefst þess að ísraelskum gíslum sé sleppt fer hann hörðum orðum um ástandið á Gaza. Meira en tveir þriðju af þeim sem fallið hafa eða særst eru konur og stúlkur og vitnisburður er um kynferðislegt ofbeldi og nauðganir í varðhaldsbúðum og eftirlitsstöðvum ísraelskra hermanna á palestínskum landssvæðum. Sömuleiðis eru vitnisburðir um ógnvænlegt kynferðisofbeldi gegn konum og stúlkum frá 7. október þegar Hamas-liðar réðust gegn Ísrael. Hann nefnir Afghanistan og Súdan.

„Talibanar hafa gefið út meira en 50 tilskipanir sem allar beinast að því að afnema réttindi kvenna og stúlkna. Í Súdan hefur fjöldi kvenna orðið fyrir nauðgunum og öðrum tegundum kynferðisofbeldis í átökunum sem nú standa yfir.“ Hann segir líka að staðreyndirnar tali sínu máli, þar sem konur koma að friðarumleitunum sé árangurinn meiri, en því miður fari hlutfall þeirra í friðarviðræðum lækkandi.



Milli 80 og 90 Soroptimistar hvaðanæva að úr heiminum sóttu fund kvennanefndarinnar, þar af hátt í 40 frá Evrópusambandi Soroptimista undir öflugri forystu Hafðísar Karlsdóttur forseta.

Sameinuðu þjóðunum hefur tekist að jafna hlut kynja í stjórnunar- og leiðtogastöðum í sínum eigin stofnunum um allan heim og hann beinir ákalli til fjármála- og efnahagslífsins sérstaklega um að vinna að því að fjarlægja kerfisbundnar hindranir sem standa í vegi kvenna á þessu sviði, glerþakið svokallaða. Hann bendir líka á að tækni- og tölvuheimurinn sé að mestu einokaður af körlum og hann varar við því að karlstýrðu algóritmarnir úr Silicon-dalnum geti dýpkað það misrétti milli kynja sem er til staðar með því að misþjóa líkómum kvenna, líta fram hjá þörfum þeirra og grundvallarmannréttindum.

Ávarpi sínu lýkur Guterres með því að hvetja alþjóðasamfélagið til þess að sameinast í baráttunni fyrir kynjajafnrétti og viku í því sambandi að hlutverki kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna. Hann fer yfir forgangsverkefni en eitt þeirra er að eyða fátækt meðal kvenna og stúlkna.

„Við skulum gera þetta með því að fjárfesta í konum og stúlkum, veðja á konur og stúlkur og vinna markvisst að friði og virðingu kvenna og stúlkna alls staðar,“ segir Guterres að lokum. Hann hlýtur mikið lófaklapp og fagnaðaróp úr salnum.

Kvennanefnd Sameinuðu þjóðanna, Committee on the Status of Women – CSW – er næstum jafngömul Sameinuðu þjóðunum sjálfum. Hún heyrir undir Efnahags- og félagsmálaráð S.þ., Economic and Social Council – ECOSOC – og var stofnuð 21. júní 1946. Það má skjóta því inn hér að frá 1950 hafa Soroptimistar haft áheyrnaraðild að ECOSOC, eins og að fleiri stofnunum S.þ. Kvennanefndin vinnur að framgangi

markmiða um jafnrétti kynjanna og jafna stöðu þeirra, skrásetur raunveruleika kvenna um allan heim og mótar viðmið um fullt jafnrétti og valdeflingu kvenna. Árið 1996 var ákveðið að útvíkka hlutverk nefndarinnar með því að fela henni að vinna að því að samþætta kynja- og jafnréttissjónarmið inn í allar stefnur S.þ. og allar stofnanir þeirra. Jafnframt hefur hún forystu um að fylgjast með framgangi og innleiðingu Peking-áætlunarinnar svokölluðu frá 1995, en það er grundvallarsáttmáli um jafnrétti kynjanna, niðurstaða fjórðu kvennaráðstefnu S.þ. Hún stendur árlega fyrir tveggja vikna fundi í höfuðstöðvunum í New York, þar sem ýmsar stofnanir S.þ. eru með dagskrár og fulltrúar stjórnvalda, stofnana, frjálsra félagsamtaka og grasrótahreyfinga eru kallaðir til leiks. Fundurinn er vettvangur fyrir aðildarríkin til að koma saman, hugsa í lausnum, deila reynslu og aðferðum við að auka jafnrétti og styrkja stöðu kvenna og stúlkna í heiminum. Fundurinn er sá fjölsóttasti sinnar tegundar í heiminum öllum.

Í ár varir fundurinn frá 11. til 22. mars, sá sextugasti og áttundi. Þemað er Hröðum árangri í baráttunni fyrir kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna með því að ráðast gegn fátækt og styrkja stofnanir og fjármögnun þeirra með kynjasjónarmið að leiðarljósi.

Um 10,3 prósent kvenna í heiminum lifa við sárustu fátækt og hafa rétt yfir tveimur dollurum til að lifa af hvern dag. Þær eru fátækari en karlar og þær bera langtum oft og oft einar ábyrgð á fæðuöflun og umönnun annarra, svo sem barna. Ef þjóðir heims eiga að ná markmiðum um jafnrétti kynja fyrir árið 2030, eins og heimsmarkmið S.þ. kveða á um, þá þarf

Þróunin í átt að jafnrétti að vera 26 sinnum hraðari en nú er. Fjárfestingin í jafnrétti þarf að vera 360 milljarðar dollarar á ári eigi markmiðin að nást. Það er fé sem væri skynsamlega varið, því efnahagslegur ávinningur heimsins af því að loka kynjabilinu myndi jafngilda 20% aukningu á þjóðarframléiðslu yfir heiminn allan sem er margföld sú upphæð sem nemur kostnaðinum.

Dagskrá fundar kvennanefndarinnar minnir á gamaldags pappírssímaskrá hvað lengdina varðar. Hún er auðvitað á netinu – fundurinn er því sem næst pappírslaus. Á fundinn að þessu sinni kemur fjölbreyttur hópur, allt frá þjóðarleiðtogum yfir í fulltrúa grasrótarsamtaka. Á þátttakendalistanum eru tveir þjóðhöfðingjar, þrjár varaforsetar og yfir 100 ráðherrar – og 4.800 fulltrúar frá frjálsum félagasamtökum og kvannahreyfingum. Þessi kvennanefndarfundur er sá næst fjölmennasti í sögunni. Á dagskránni eru opinberar ræður flestra þessara ráðherra og um 270 svokallaðir hliðarviðburðir, en það eru viðburðir sem haldnir eru og skipulagðir af stjórnvöldum ríkja, ýmist eins lands eða í samstarfi við fleiri. Þá eru yfir þessar tvær vikur rúmlega 760 viðburðir á vegum aragrúa frjálsra félagasamtaka undir hatti kvennanefndartorgsins svokallaða (CSW Forum). Við bætast tugir viðburða á vegum UN Women, sem er Kvinnastofnun S.þ. Netkönnun á vegum CSW sem send er út eftir að viðburðinum lýkur nær til tæplega 14 þúsund þátttakenda.

Fulltrúar úr fastanefndum ríkjanna hjá Sameinuðu þjóðunum taka þátt í samningaviðræðum um lokaniðurstöðu fundarins. Þar er tekist harkalega á, heimurinn skiptist í blokkir þar sem sumir vilja afturábak eða standa í stað og aðrir áfram. Bæði í ræðu og í samtölum á göngunum víkja margir að Íslandi og forystuhlutverki þess í heiminum þegar kemur að jafnrétti kynja. Ísland fylkir sér saman með öðrum Norðurlöndum um að verjast þeim sem vilja grafa undan jafnrétti kynjanna en í staðinn sækja fram og ná markverðum árangri.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson félags- og vinnumarkaðsráðherra flytur sitt ávarp á fyrsta degi fundarins. Hann er skeleggur, kveður upp úr með það að jafnrétti kynjanna sé eitt helsta forgangsmál Íslands og kemur sér lóðbeint að kjarna málsins. Það vekur athygli að hann er eini ráðherrann sem talar um framtíðina. Salurinn fagnar honum vel og íslensku fulltrúarnir eru stoltir af sínum manni.

„Við trúum því staðfastlega að framsækin stefna sem miðar að því að efla jafnrétti allra kynja sé grunnurinn að samfélagi án aðgreiningar, samfélagi sem byggir



Jafnrétti kynja og hinsegin fólks er forgangsmál hjá ríkisstjórn Íslands, enda hagnast allt samfélagið á auknu jafnrétti, sagði Guðmundur Ingi Guðbrandsson félags- og vinnumarkaðsráðherra.

á félagslegu réttlæti og friðsæld og þar sem við öll getum dafnað,” segir hann og bætir við að jafnrétti kynjanna sé ekki lúxus heldur séu gild efnahagsleg rök fyrir því að jafnrétti borgi sig margfalt til baka. Hann gerir að umtalfeni þá afturför sem gerir óþrymlega vart við sig víða í heiminum. „Á undanförunum árum höfum við orðið vitni að bakslagi um allan heim gegn jafnrétti kynjanna og réttindum kvenna til eigin líkama og kynfrelsis. Við verðum að snúa þessari þróun við“. Hann hvetur þjóðir heims til að vinna saman að því að tryggja mannréttindi kvenna, stúlkna og kvár um veröld víða og telur sjálfsákvörðunarrétt kvenna og réttinn til kynheilbrigðis vera sjálfan kjarna jafnréttisbaráttunnar. Þá víkur hann að vinnumarkaðnum og segir að þrátt fyrir ýmsar framfarir á liðnum árum, eins og jafnlaunastaðallinn er til vitnis um, þá verði að ráðast gegn kynskiptingu vinnumarkaðar og vanmati á hefðbundnum kvinnastörfum.

„Við þurfum ekki aðeins að bera saman sömu eða lík störf, heldur einmitt ólík störf sem eru jafnverðmæt með tilliti til krafna um menntun, hæfni, ábyrgð og álag,” segir Guðmundur Ingi.

Viðburðir kvennanefndarfundarinnar snerta á öllum þeimum jafnréttisbaráttunnar. Rætt er um fátækt, áhrif hamfarahlýnunar á líf kvenna, aðgang að menntun og heilbrigðisþjónustu, fæðuöryggi, kynbundið ofbeldi, samþættingu jafnréttissjónarmiða, kvennaverkföll, mansal, öryggi kvenna og stúlkna, konur á stríðshráðum svæðum, launajafnrétti, aðgang

kvenna að fjármagni, hlut kvenna í stjórnunarstöðum og stjórnámálum, stafrænt ofbeldi... upptalningin getur verið endalaus. Íslendingar standa í stafni í mörgum málstofum, m.a. um jafnrétti á vinnumarkaði og samþættingu. Jafnréttisskóli Sameinuðu þjóðanna, GRÓ – GEST, sem staðsettur er á Íslandi er með dagskrá um áhrif loftlagsbreytinga á stöðu kvenna.

„Kallarðu þetta jafnrétti“ var titill áhrifamikillar dagskrár um kvennaverkfallið á Íslandi 24. október 2023 og tengsl lakari stöðu á vinnumarkaði við kynbundið ofbeldi. Þetta var einnig yfirskrift kvennaverkfallsins. Vísunineriáð þrátt fyrir „jafnréttisparadísina“ Ísland á jafnréttið enn langt í land; þar sem 40% kvenna verða fyrir kynbundnu ofbeldi – þar ríkir ekki jafnrétti – og þar sem launamunur kynja er enn til staðar – þar ríkir ekki jafnrétti. Drífa Snædal talskona Stígamóta, Sonja Ýr Þorbergsdóttir formaður BSRB og Anna Pála Sverrisdóttir, sendiráðunautur hjá fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum standa í stafni á viðburðinum. Drífa og Sonja lýsa aðdragandanum og undirbúningnum en um 40 kvennasamtök stóðu að kvennaverkfallinu, Soroptimistasamband Íslands þar á meðal. Atburðurinn vakti athygli langt út fyrir landsteinana og atgangurinn var mikill frá öllum helstu fjölmiðlum heims. Jafnframt er saga kvennaverkfalla á Íslandi rakin. Viðburðurinn er vel sóttur og gestirnir eru andaktugir yfir samstöðunni og því að 100 þúsund konur af ekki stærri þjóð tóku þátt. Jafnframt kemur fram að kvennaverkfallið 1975, eins og reyndar þau sem eftir komu, sé ennþá meiriháttar innblástur fyrir konur alls staðar að úr heiminum. Þegar ég hef orð á því að hafa verið á Lækjartorgi í kvennaverkfallinu 1975 koma til mín kanadískar konur, vilja endilega gefa mér gjöf og segja: „Við vissum ekki að við værum með stjörnu hér í salnum.“ Ég verð bara hvumsa.

Maj-Britt Hjördís Briem, lögmaður á vinnumarkaðssviði Samtaka atvinnulífsins, tekur þátt í pallborði sem Norræna ráðherranefndin stendur fyrir undir yfirskriftinni. Norræna módelið: Að yfirvinna hindranir og ryðja brautina fyrir jafnrétti kynjanna í efnahagslífinu.



Antonio Guterres framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna flytur ávarp sitt í sal Allsherjarpingsins. „Við getum ekki sætt okkur við heim þar sem ömmur óttast að ömmustúlkurnar þeirra njóti lakari réttinda en þær. Við verðum að segja hátt og skýrt: Ekki á okkar vakt. Réttindi kvenna eru í grunninn spurning um völd,“ segir hann.

Þar eru aðgerðir Norðurlandanna í þágu jafnréttis á vinnumarkaði ræddar, t.a.m. fæðingarorlofskerfi, dagvistun barna, brúun umönnunarbilsins, virði starfa, endurmat á virði kvennastarfa, kjarasamningar og launajafnrétti. Í máli sínu leggur Maj-Britt áherslu á að þrátt fyrir góðan árangur í að jafna launamun sé launajafnrétti ekki náð á íslenskum vinnumarkaði. „Aukið jafnrétti og aukin atvinnuþátttaka, ekki síst kvenna, stuðlar að auknum hagvexti og bættum lífsskjörum,“ segir hún. Viðbrögð við fundinum eru mikil og gríðarlegur áhugi á þeim verkfærum og lausnum sem Maj-Britt fjallar um.

Það er ógjörningur að ná yfirsýn yfir allt sem er í boði á fundi kvennanefndarinnar. Viðburðir eru fjöldamargir á sama tíma, í mismunandi byggingum, sumir eru „by invitation“ only, á suma þarf að skrá sig fyrirfram, á aðra er hægt að ganga beint inn í einhver af þeim fjölmörgu fundarherbergjum og -sölum sem eru upptekin frá morgni til kvölds. Í hverju þeirra er skilti sem greinir frá því hversu marga salurinn tekur, en það er aðeins lauslega virt. Yfirleitt er hvert sæti skipað, staðið uppi við vegg og setið á gólfum en oft kemur að því að öryggisverðir segja stopp og vísa frá. Konur eru ekki aðeins á þeytingi fram og til baka. Þær safnast líka saman í hópa á göngum og í kaffíkrókum, skiptast



Sendinefnd Íslands í kvennanefnd Sameinuðu þjóðanna fyrir framan höfuðstöðvarnar og listaverkið Gegn ofbeldi (Non-violence, The knotted gun) eftir sænska myndhöggvarann Carl Fredrik Reuterswärd, sem hann upphaflega gerði til minningar um vin sinn John Lennon.

á upplýsingum um spennandi viðburði framundan og ræða málin. Alls staðar er lýst yfir áhyggjum af bakslagi, í Bandaríkjunum þegar kemur að réttinum til þungunarrofs, stöðu samkynhneigðra sem hefur farið versnandi, til dæmis í Rússlandi og Austur-Evrópulöndum, víðtæku afnámi á réttindum kvenna í kúgunarríkjum, hatursorðræðu í garð kvenna og stafrænu ofbeldi sem fer eins og eldur í sinu um allan heim svo eitthvað sé nefnt.

Á dagskránni um kvennaverkeföllin á Íslandi kemur upp sú hugmynd að stefna að heimsmótmælum kvenna gegn bakslaginu og er 8. mars á næsta ári, alþjóðlegur baráttudagur kvenna, nefndur sem hugsanleg

dagsetning. „Væri það ekki magnað ef mótmælin myndu hefjast á Nýja Sjálandi og breiðast þaðan út sem bylgja í samræmi við tímabeltin þar til heimurinn allur logar af mótmælum kvenna gegn bakslagi í öllum sínum myndum?“ segir einhver og salurinn tekur undir.

Kvennanefndarfundurinn er hreinn og tær innblástur. Öll þessi rafmagnaða orka og fjölbreytileiki fyllir hvern þátttakanda eldmóði – heim komnar eru þær svo sannarlega tilbúnar í slaginn ríkari af vitneskju, krafti, tengslum og vináttu.

Hildur Jónsdóttir verðandi forseti SÍ



Drífa Snædal, talskona Stígamóta, Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB, og Anna Pála Sverrisdóttir, sendiráðunautur í fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum á líflegri málstofu um íslensk kvennaverkeföll.



Maj-Britt Hjördís Briem, frá Samtökum atvinnulífsins, talaði tæpitungulaust um nauðsyn þess að endurmeta hefðbundin kvennastörf á grundvelli nýs virðismatskerfis fyrir vinnumarkaðinn. Árangur Íslands í baráttunni gegn launamisrétti vakti verðskuldaða athygli.

Niðurstaðan

Hröðum árangri í baráttunni fyrir kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna með því að ráðast gegn fátækt og styrkja stofnanir og fjármögnun þeirra með kynjasjónarmið að leiðarljósi.

- Þetta er þema 68. fundar kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna og lokaskjalið hverfist um það. Á 29 þéttskrifuðum A-4 blöðum er fjallað um allar mögulegar hliðar þess. Niðurstaðan felur í sér skuldbindingu aðildarríkja S.þ. um að vinna að framgangi þeirra markmiða sem þar er lýst. Í stuttu máli snúast þau um að styrkja hvers konar fjármögnun og aðgang að fé í baráttunni gegn fátækt kvenna og stúlkna og efla þær stofnanir sem þar koma við sögu.
- Konur eru almennt fátækari en karlar og 10,3 prósent kvenna í heiminum lifa við sárustu hugsanlegu fátækt. Í lokaskjalinu er viðurkenning á því að konur og stúlkur sem lifa við fátækt séu nokkurs konar stuðpúðar á krepputímum og að frekari ráðstafanir þurfi til að auka bjargir þeirra og aðgang að fjármagni svo fátæktarokinu verði lyft af þeim.
- Í skjalinu er því slegið föstu að fjármála- og efnahagskerfi heimsins henti ekki við kreppuáðstæður og kalla Sameinuðu þjóðirnar eftir endurbótum á því til að ríki heims geti fjárfest í kynjajafnrétti. Endurbæturnar þurfa að fela í sér skuldaniðurfellingar, þrepaskipt skattkerfi og að opinberu fé sé veitt til að mæta þörfum kvenna og stúlkna.
- Þá er mælt til þess að fjármagni úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum sé varið með kynjasjónarmið að leiðarljósi, bæði hvað varðar fjárveitingar hins opinbera og til að koma í veg fyrir að skattbyrði sé hlutfallslega meiri hjá konum og stúlkum með lágur tekjur.
- Bent er á nauðsyn þess að opinbera þróunaraðstoð þurfi að auka til að ráðast gegn fátækt kvenna og stúlkna. Hlutfall þróunaraðstoðar í heiminum sem hefur jafnréttissjónarmið að leiðarljósi fór nýverið í fyrsta skipti lækkandi, þ.e. úr 45% árið 2019 í 43% árið 2020, samkvæmt Efnahags- og framfarastofnun Evrópu, OECD.
- Kvennanefndin beinir einnig tilmælum til þjóða heimsins um fleiri tegundir aðgerða, s.s. að gætt sé kynjasjónarmiða við hverskyns efnahags- og félagslega stefnumörkun, þar með talið að auka hlut kvenna í fjármálageiranum, innleiða grundvallarréttindi á vinnumarkaði eins og jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf og styðja með virkum hætti við konur í atvinnurekstri.
- Að virkja og fjármagna kvennasamtök er einnig á meðal helstu tilmæla í lokaskjalinu. Öflug og sveigjanleg fjármögnun staðbundinna kvenna- og kvenréttindahreyfinga til fleiri ára skiptir sköpum í baráttunni gegn fátækt, eins og stofnanir á borð við Fjárfestingarsjóð S.þ. til að útrýma ofbeldi gegn konum og Friðar- og mannúðarsjóður kvenna eru dæmi um.
- Í lokaskjalinu er einnig kallað eftir að eflid verði geta þjóða til að afla og greina tölfræðiupplýsingar um fátækt í öllum sínum myndum og að stefnumið í átt að sjálfbærri þróun verði sett. Þetta felur í sér að styrkja félagslega þjónustu með því að hún hafi inngildingu og jafnrétti kynja að leiðarljósi og auka fjárfestingu í umönnunargeiranum þannig að konur hafi meiri tíma og fé til ráðstöfunar um leið og atvinnumöguleikum þeirra fjölgar.

Byggt á fréttatilkynningu frá Kvennanefnd S.þ.

